



Reykjavík, 7. apríl 2026
MSS23090170
ívs

Ráð og nefndir

Verklagsreglur - Fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og beiðnir borgarfulltrúa um aðgang að gögnum

Á fundi forsætisnefndar þann 27. mars 2026 voru samþykktar verklagsreglur um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og beiðnir borgarfulltrúa um aðgang að gögnum. Verklagsreglurnar fjalla um framsetningu og meðferð fyrirspurna og tillagna borgarfulltrúa og nefndarmanna í borgarráði fastanefndum, ráðum og stjórnnum. Jafnframt fjalla verklagsreglurnar meðferð beiðna borgarfulltrúa um aðgang að gögnum.

Óskað er eftir því að reglurnar séu kynntar ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar. Jafnframt er óskað eftir því að fundarritarar og fundarstjórar taki mið af þeim við meðferð fyrirspurna og tillagna.

Virðingarfyllt,
Ólöf Magnúsdóttir
skrifstofa borgarstjórnar

Verklagsreglur um fyrirspurnir og tillögur í ráðum og nefndum Reykjavíkurborgar og beiðnir borgarfulltrúa um aðgang að gögnum

1. gr.

Í 27. og 57. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar kemur fram að borgarfulltrúar og nefndarmenn í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum eiga rétt á að leggja fram stutta fyrirspurn (200 orð) í fundargerð um mál sem eru á verksviði borgarstjórnar, ráðsins eða nefndarinnar.

Sömu aðilar eiga rétt á að leggja fram tillögur í borgarstjórn, borgarráði, fastanefndum, ráðum og stjórnnum. Verklagsreglur þessar fjalla um framsetningu og meðferð slíkra fyrirspurna og tillagna og eiga að stuðla að hraðri og vandaðri málsmeðferð.

Í 35. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, sbr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga, kemur fram að óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar. Verklagsreglurnar fjalla einnig um meðferð slíkra beiðna.

2. gr.

Fyrirspurnir

Óski kjörinn fulltrúi upplýsinga um opinbert málefni Reykjavíkurborgar eða verkefni hennar skal hann leggja fram skriflega fyrirspurn í því ráði sem ber ábyrgð á málaflóknum samkvæmt gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar. Fyrirspurn skal bara leggja fram í einu ráði/nefnd.

Fyrirspurn skal vera skýr og bein, formálalaus og um afmörkuð atriði sem varða verkswið Reykjavíkurborgar. Skal við það miða að hægt sé að svara fyrirspurn í stuttu og hnitmiðuðu svári. Stutt greinargerð má fylgja fyrirspurninni og skal miða við að hún sé ekki lengri en ein málsgrein.

Svara skal fyrirspurn innan 30 daga frá því að henni hefur verið vísað til umsagnar. Takist ekki að svara fyrirspurninni innan þess frests skal gera viðkomandi ráði skriflega grein fyrir ástæðunni.

Borgarfulltrúi sem vill leggja fram fyrirspurn getur fengið aðstoð við gerð hennar hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar.

3. gr.

Tillögur

Kjörnir fulltrúar hafa tillögurétt á fundum nefnda og ráða. Þeim er því heimilt að leggja fram tillögu í því ráði sem ber ábyrgð á málaflóknum samkvæmt gildandi samþykktum Reykjavíkurborgar. Tillögu skal bara leggja fram í einu ráði/nefnd.

Ef borgarstjórnarflokkur á ekki fulltrúa í viðkomandi ráði er heimilt að leggja tillöguna fram á fundi borgarráðs sem vísar henni til meðferðar eða umsagnar á réttum vettvangi.

Tillaga er hugmynd sem fjallað er um í þeim tilgangi að taka efnislega afstöðu til hennar, tillögutextinn skal vera skýr og í ályktunarformi, formálalaus og varða afmörkuð atriði á verkswiði Reykjavíkurborgar. Miða skal við að hægt sé að samþykkja tillögu og framkvæma hana í beinu framhaldi. Stutt greinargerð má fylgja tillögunni þar sem fram kemur rökstuðningur eða frekari skýringar og skal miða við að hún sé ekki lengri en ein málsgrein.

Borgarfulltrúi sem vill leggja fram tillögu getur fengið aðstoð við gerð hennar hjá starfsfólki skrifstofu borgarstjórnar.

4. gr.

Beiðni borgarfulltrúa um aðgang að gögnum

Óski borgarfulltrúi gagna skal beina því til skrifstofu borgarstjórnar sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Borgarfulltrúi getur einnig beint slíkri beiðni til skrifstofu sviðsstjóra/stjórnsýslu þegar um er að ræða gögn sem varða málaflökk viðkomandi fag- eða kjarnasviðs. Afrit af svörum skal senda til skrifstofu borgarstjórnar sem leggur mat á frekari meðhöndlun svarsins.

Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil er borgarfulltrúa heimilt að kynna sér þau í gagnaherbergi skrifstofu borgarstjórnar.

Ákvæði þetta nær til þess þegar borgarfulltrúar óska eftir gögnum sem þegar eru til í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Í þeim tilvikum þegar óskað er eftir gögnum sem krefjast vinnu starfsfólks, svo sem gerð úttekta, útreikninga eða samantekta úr fyrirliggjandi gögnum, skal kjörinn fulltrúi leggja fram formlega fyrirspurn eða tillögu þess efnis í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr. reglna þessara.

Samþykkt á fundi forsætisnefndar 27. mars 2026